

**TILSKIPUN RÁÐSINS**

frá 19. desember 1974

**um aðra breytingu á tilskipun ráðsins 73/241/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis****(74/644/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Með tilskipun ráðsins 74/411/EBE <sup>(1)</sup> var fresturinn til að breyta landslögum til samræmis við ákvæði tilskipunar ráðsins 73/241/EBE <sup>(2)</sup> frá 24. júlí 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis framlengdur til 1. janúar 1975.

Fresturinn var framlengdur til þess að gera ráðinu kleift, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að skýra nánar tiltekin ákvæði í tilskipun 73/241/EBE.

Nýr frestur sem var settur í tilskipun 74/411/EBE reyndist of stuttur og því ber að framlengja hann um sex mánuði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í fyrsta málslið fyrstu málsgreinar í 15. gr. tilskipunar 73/241/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 74/411/EBE, komi „1. júlí 1975“ í stað „1. janúar 1975.“

*2. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 1974.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. P. FOURCADE

*forseti.*

---

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 221, 12. 8. 1974, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 23.